

Kirkjubæjarklaustri 7. maí 2012

Alþingi
Erindi nr. P 140/2466
komudagur 7.5.2012

Atvinnuveganefnd Alþingis

Efni: Umsögn um 727.mál, Áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar fyrir það tækifæri sem henni gefst nú til þess að koma á framfæri athugasemdum við tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landssvæða (rammaáætlun). Jafnframt vill sveitarstjórn minna á mikilvægi þess að faglega sé unnið með tillöguna og umfram allt að jafnræðis sé gætt meðal ólíkra sjónarmiða þegar að endanlegri flokkun virkjunarkosta kemur.

Hér á eftir kemur umsögn sem einungis tekur til virkjanahugmynda innan marka Skaftárhrepps.

Á síðastliðnu hausti var undirritað af umhverfisráðherra, Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022, en árið 2007 ákvað sveitarstjórn Skaftárhrepps m.a. vegna stofnunar Vatnajökulspjóðgarðs, sem fyrirhuguð væri vorið 2008, að taka til endurskoðunar Aðalskipulag Skaftárhrepps 2002-2014, þar sem sýnt þótti að sú framkvæmd myndi kalla á breytta stefnumörkun til framtíðar innan sveitarfélagsins. Haustið 2007 leituðu umhverfisyfirvöld einnig eftir því við sveitarstjórn, hvort möguleg væri af hálfu sveitarfélagsins stækkun þess svæðis sem legðist til þjóðgarðs, sem næmi Langasjó og nærumhverfi. Í kjölfar alls þessa fór af stað gríðarleg vinna við að endurskoða skipulagið og að mynda þá framtíðarsýn sem sveitarfélaginu mætti að gagni koma. Ljós voru, strax í upphafi þessarar vinnu, skörp skil sjónarmiða. Annars vegar þeirra sem vildu nýta þau tækifæri sem fælust í stækkun Vatnajökulspjóðgarðs og hins vegar þeirra sem vildu nýta þau tækifæri sem fælust í virkjunarhugmyndum í Skaftárhreppi, m.a. á Langasjávarsvæðinu, sem til rannsóknar höfðu verið um árabíl.

Með staðfestingu skipulagstillögunnar og að teknu tilliti til athugasemda sem bárust í auglýsingarferli tillögunnar var með afgerandi hætti mörkuð sú stefna að á öllum hálendishluta sveitarfélagsins, ofan miðhálendislínu, yrðu ekki neinar stórar framkvæmdahugmyndir sem raskað gætu því stórbrotna landssvæði (þ.m.t. virkjanahugmyndir). Þess í stað væri þeim framkvæmdaáformum helgaður staður neðan við hálendislínu.

Þar ber sérstaklega að nefna þá afgerandi ákvörðun sveitarstjórnar Skaftárhrepps, að leggja til Langasjávarsvæðið allt, auk Eldgjár, inn í Vatnajökulspjóðgarð. Sú ákvörðun hefur að okkar mati ekki fengið þá athygli sem henni ber.

Varðandi þá fjóra virkjunarkosti sem tilgreindir eru í Aðalskipulaginu er rétt að nefna að virkjun Skaftár við Skál er hugmynd að lítilli rennslisvirkjun (5MW) og því ekki tekin til skoðunar í Rammaáætlun. Hinum kostunum þremur viljum við gera nánari skil, ásamt því að veita umsögn um aðrar virkjunarhugmyndir í Skaftárhreppi, sem til skoðunar eru í Rammaáætlun.

Þar skal fyrst nefna Hólmsárvirkjun við Atley (Atleyjarvirkjun). Þessi virkjunarkostur er einn af þremur kostum í Hólmsá sem til umfjöllunar er í Rammaáætlun. Þessi hugmynd að virkjun Hólmsár er komin frá heimamönnum hér í Skaftárhreppi og er þeirra tillaga til umhverfisverndar.

Þar er gert ráð fyrir því að áhrifasvæði hennar nái einungis til neðri hluta árinna (neðan við Hólmsárfoss). Þar með er með öllu tekið fyrir allt jarðrask ofan hálendislínu, þ.e. Fjallabak, eystri hluti Mælifellssands, Brytalækir, Axlarfoss, Hólmsárbotnar, Hólmsárlón og fl..

Forsenda þessarar virkjunar er nýting á öllu vatni Hólmsár sem gerir það að verkum að hinir kostirnir tveir, þ.e. Hólmsárvirkjun án miðlunar við Einhyrning og Hólmsárvirkjun með miðlun í Hólmsárlóni eru ekki mögulegir, en þeir gerðu báðir ráð fyrir vatnsmiðlun yfir í Tungufljót í Skaftártungu. Að okkar mati eiga þeir kostir tveir því tvímælalaust að fara í verndarflokk og virkjunarkosturinn við Atley að fara upp í nýtingarflokk.

Rétt er einnig að benda á að Landsvirkjun hefur rannsóknarleyfi á ánni og virkjunarkosturinn er í umhverfismati, auk þess sem búið er að semja við alla landeigendur um vatnsréttindin.

Annar virkjunarkosturinn á Aðalskipulagi er Búlandsvirkjun. Virkjunarhugmynd sem að öllu leyti er neðan þjóðlendulínu og þar með í eignarlöndum. Þar er um að ræða talsvert flóknari og umdeildari virkjunarhugmynd, sem gerir ráð fyrir því að vatni verði veitt úr farvegi Skaftár í miðlunarlón á Þorvaldsáráurum og þaðan um stöðvarhús, með affalli til Skaftár aftur.

Þar er helst að nefna úrlausnatriði sem tekin verða til skoðunar í umhverfismati, svo sem aurskolun, áhrif á vatnsbúskap neðan virkjunar og fl.. Að auki er ólokið samningum við landeigendur á áhrifasvæði virkjunarinnar og ekki síður vatnsréttarhafa sem land eiga að Tungufljóti, en þar mun að einhverju leyti gæta áhrifa virkjunar.

Engu að síður teljum við ekki forsvaranlegt annað en mælast til þess að þessum virkjunarkosti verði gerð betri skil en lagt er upp með í drögum að Rammaáætlun.

Þá er ótalin sú staðreynd að Suðurorka hefur nú þegar rannsóknarleyfi á Skaftá og í undirbúningi er umhverfismat vegna virkjunarinnar.

Þriðji kosturinn, sem er inni á Aðalskipulagi, er Hnútuvirksun í Hverfisfljóti. Þetta er eini möguleiki til virksunar í Hverfisfljóti. Þar er um að ræða rennslisvirksun og er hún einkaframtak jarðareigenda á Dalshöfða í Fljótshverfi. Áhrifasvæði þeirrar virksunar er að öllu leyti innan landamerksja þeirrar jarðar og spyrja má hver er réttur jarðareigenda til þess að nýta sínar eignir. Til frekari skýringar á þessari virksnanahugmynd fylgir með greinargerð landeiganda Ragnars Jónssonar á Dalshöfða.

Hvað aðra virksjanakosti í Rammaáætlun varðar, sem eru innan marka sveitarfélagsins, svo sem Djúpa, eru engin áform uppi um að svo stöddu og óvíst hvort af þeim verður nokkurn tíma.

Að endingu þetta: Það má öllum vera ljós sú staðreynd að Skaftárhreppur á nú mjög undir högg að sækja hvað búsetu og byggðapróun snertir. Fækkun íbúa og hækkandi meðalaldur þeirra eru augljós merki þess að hér er um hnignandi samfélag að ræða. Þar er ekkert eitt úrræði sem getur komið til bjargar. Við teljum að með nýendurskoðuðu Aðalskipulagi, þar sem reynt var að gæta jafnræðis mjög svo ólíkra viðhorfa, sé sveitarfélagið búið að gera sitt til að skapa umgjörð um áframhaldandi byggð í Skaftárhreppi.

Í ljósi þeirrar stöðu sem við erum að berjast í, þar sem hvers kyns atvinnuuppbygging skiptir máli, fðrum við eindregið fram á að tillit verði tekið til okkar og þess sem rakið er hér að framan, nú við úrvinnslu Rammaáætlunar.

Upplýsingar úr Aðalskipulagi Skaftárhrepps má finna á eftirfarandi slóð:

http://www.klaustur.is/Stjornsysla/Um_Svaedid/Skipulagsmal

Með vinsemd og virðingu,
f.h. meirihluta sveitarstjórnar Skaftárhrepps

Eygló Kristjánsdóttir
sveitarstjóri.

Upplýsingar varðandi rennslisvirkjun í Hverfisfljóti vegna rammaáætlunar.

Hverfisfljót er jökulá sem fellur úr Síðujökli. Samkvæmt rennslismælingum Orkustofnunar er vatnasvið fljótsins talið vera um 314 km². Rennslismælingar hafa farið fram síðan í maí 1981. Samkvæmt þessum mælingum er ljóst að árstíðabundnar sveiflur í rennsli árinna eru umtalsverðar. Algengt meðalrennsli í ánni seinnipart sumars er þó um 150-200 m³.

Fyrirhuguð rennslisvirkjun

Eigendur jarðarinnar Dalshöfða í Fljótshverfi, þau Ragnar Jónsson og Ásdís Sigurjónsdóttir hafa undanfarið árið unnið að undirbúningi að hönnun rennslisvirkjunar í Hverfisfljóti. Dalshöfði á allt land að báðum bökkum fljótsins á því svæði þar sem möguleg rennslisvirkjun kemur til greina. Árið 2006 unnu tveir meistaranemar í rafmagnsverkfræði við Ingeniorhoskolen Odense Teknikum, lokaverkefni undir handleiðslu Jóns Más Halldórssonar, sem fól í sér frumhönnun að rennslisvirkjun í Hverfisfljóti, ásamt frumathugun á fjárhagslegri hagkvæmni slíkrar virkjunar. Miðað var við að byggð yrði um það bil 2 MW rennslisvirkjun í Hverfisfljóti. Áætlaður kostnaður virkjunarinnar m.v. að stöðvarhúsi og aðrennslispípur væru faldar í jörð og að tenging við dreifikerfi raforku væri í formi jarðkapals var samtals áætlaður um 490 milljónir króna (m/VSK) á verðlagi þess árs. Arðsemi virkjunarinnar á mælikvarða afkastavaxta (internal rate of return) og 40 ára tímabils var áætlaður 10%.

Í nóvember 2006 vann Verkfræðistofan Hönnun fyrirspurnarskýrslu til Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum („Fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdar“ vegna allt að 2,5 MW virkjunar í Hverfisfljóti). Þá þegar hafði sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkt að farið yrði í breytingar á aðalskipulagi og að í framhaldi yrði unnið deiliskipulag af framkvæmdasvæðinu þegar undirbúningsvinna verkefnisins yrði lengra komin. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að „allt að 2,5 MW virkjun í Hverfisfljóti væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum“. Í kjölfar þess hinsvegar, að nokkrir aðilar kærðu þessa niðurstöðu, úrskurðaði umhverfisráðherra í nóvember 2007, að fella skyldi niðurstöðu Skipulagsstofnunar úr gildi og að framkvæmdin skyldi háð mati á umhverfisáhrifum.

Í kjölfar ákvörðunar umhverfisráðherra ákváðu Ragnar og Ásdís, í samráði við ráðgjafa sína, að í vinnu við mat á umhverfisáhrifum skyldi gert ráð fyrir allt að 15 MW rennslisvirkjun í Hverfisfljóti í stað 2,5 MW virkjunar eins og áður hafði verið gert ráð fyrir.

Eins og áður hefur komið fram er hér um hreina rennslisvirkjun að ræða, þar sem ekki er unnt að miðla vatni til virkjunarinnar. Rennslissveiflur Hverfisfljóts eru miklar og því koma tímabil þar sem aflnýting fer tímabundið umtalsvert niður fyrir það sem ráðgert er að virkja. Þessar aðstæður skapast einkum á útmánuðum. Þrátt fyrir þetta er nýtingartími aflsins á ársgrundvelli með ágætum. Í ágúst 2008 skrifaði Magnús Sigurðsson verkfræðingur minnisblað með niðurstöðum úr útreikningum sínum á mögulegri orkuvinnslu í Hverfisfljóti og gróflægri áætlun á hagkvæmni mismunandi kosta hvað stærð virkjunar varðar. Í greiningu sinni skoðaði Magnús fjögur mismunandi tilvik af virkjuðu rennsli, þ.e. 5, 10, 15 og 20 m³/s eða frá 4 upp í

15 MW afl. Þar sem umhverfisáhrifin yrðu þau sömu hvort sem farið yrði í 4 MW eða 15 MW verður að skoða vel hvað er hagkvæmast að gera.

Mat á umhverfisáhrifum

Vinna við mat á umhverfisáhrifum er nú þegar komin töluvert af stað. Í apríl 2008 gekk Verkfræðistofan Mannvit frá skýrslu, „Tillögu að matsáætlun“, og í kjölfarið hafa verið unnar allar þær skýrslur sem nauðsynlegar eru inn í matsskýrsluna, aðrar en sjálf hönnun virkjunarinnar. Þá bíður jarðfræðiskýrsla endanlegs frágangs þar til magntölur vegna virkjanaframkvæmdanna liggja fyrir. Þær skýrslur sem nú þegar hafa verið unnar eru: 1) Hverfisfljót: Fiskileit á svæðinu sumarið 2008, eftir Jóhannes Sturlaugsson, október 2008. 2) Úttekt á fuglum við Hverfisfljót vegna fyrirhugaðrar virkjunar í Hverfisfljóti, Náttúrustofa Austurlands, nóvember 2008. 3) Gróðurfar og fuglalíf við Hverfisfljót, Náttúrustofa Austurlands, október 2007. 4) Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda í Hverfisfljóti, Fornleifafræðistofan, febrúar 2007.

Staðan í dag

Vinna við mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar hefur legið niðri síðan haustið 2008 að ósk okkar. Ástæðan var fyrst og fremst sú mikla óvissa sem ríkti í fjármögnun, fjárfestingarkostnaði og orkuverði.

Þegar rammaáætlun fór í gang var okkur ráðlagt að setja 40 MW þar inn, nú teljum við að það sé ekki raunhæft og að virkjun í Hverfisfljóti verði ekki stærri en 15 MW.

Við óskum eftir eindregnum stuðningi við að fá 15 MW virkjun í nýtingarflokk þar sem við teljum að nú sé að skapast aðstæður til að halda áfram með umhverfismatið.

Meðan rammaáætlun var í vinnslu var aldrei haft samband við okkur varðandi gagnaöflun eða aðrar upplýsingar

Dalshöfða 3. mars 2012

Ragnar Jónsson